

AUGLÝSING

um deiliskipulag Torfunefs – Strandgötu, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 8. nóvember 2005 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að deiliskipulagi svæðis austan Drottningarbrautar, frá Strandgötu að Torfunefi. Hið nýja deiliskipulag kemur í stað eldra skipulags frá 1990.

Í skipulaginu er fyrirhuguðu menningarhúsi afmörkuð lóð og byggingarreitur. Lóð líkamsræktarstöðvar er stækkuð og gert ráð fyrir viðbyggingu við hana. Eins og í eldra skipulagi er gert ráð fyrir því að Torfunefsbryggja verði lengd og landfylling aukin innan hennar.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi deiliskipulag sem samþykkt var 1990.

F.h. Akureyrarbæjar, 21. nóvember 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2005